

## GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Flóahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir hvert skilti sem eigandi hunds fær við skráningu hans skal vera 4.000 kr. og greiðist við skráningu.

2. gr.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Flóahreppi, svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds. Föngunargjald, varsla og auglýsingagjald er 28.000 kr.

Að auki leggst á sólarhringsgjald, 4.000 kr. ef kemur til handsömunar og geymslu viðkomandi hunds. Ef hundur er handsamaður oftari en þrisvar sinnum á einu ári, þá á hundaeygandi eða umráðamaður hunds yfir höfði sér sviptingu á leyfi til hundahalds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 15. desember 2022 með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Flóahreppi, nr. 425/2010.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Flóahreppi, nr. 164/2011.

*Flóahreppi, 15. desember 2022.*

**Hulda Kristjánsdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 23. janúar 2023